

Skógræktarfélag Grímsnes

2022

Starfsemi Skógræktarfélagsins árið 2022 var nokkuð hefðbundin þetta ár. Aðalfundurinn var haldin 12. 04. 2022 á Grænu könnunni á Sólheimum þar sem Bragi var endurkjörinn gjaldkeri til næstu þriggja ára.

Félagsmönnum fjölgaði og náðu yfir 35 félagsmenn.

Engar plöntur bárust félagsmönnum fyrr en í október og verður það að teljast í seinna lagi, skrifast það á eigendaskipti á gróðrastöðvum sem framleiða plöntur fyrir skógræktina.

Nemendur Kerhólsskóla plöntuðu út 1500 birkiplöntum frá Yrkjusjóði í Yndisskóginn og félagar í Björgunarsveitinni Tintron settu niður 3500 plöntur í reitinn sinn, þessi rötarskot eru áramótasala frá Landsambandi björgunarsveita.

Vegalagning er að stærstum hluta komið þe. meginvegurinn þá er einnig kominn grunnurinn að grillplaninu og bílaplanið nokkuð klárt.

Skógræktarfélagið gaf Kvenfélagi Grímsnes í tilefni 100 ára afmælis þeirra plöntur sem formaður félagsins Ragna Björnsdóttir tók á móti og félagskonur gróðursettu í sinn reit, þá var einnig í tilefni 40 ára afmælis lionsklúbbsins Skjaldbreiður afhentar plöntur til þeirra sem Þorkell og Páll móttóku til gróðursetningar í Yndisskógsreitnum þeirra

Þess má líka geta að Jóna Björg og Sírý fengu aðgang að garði annars félagsmanns og tóku upp nokkra tugi plantna sem var komið fyrir í Yndisskógi vítt og breitt.

Við erum einungis á byrjunarreit varðandi þessa framkvæmd og mannsaldur þarf til að búa til skóg en verkefnið er mjög áhugavert og skemmtilegt.

Með þökk fyrir liðið ár

Sigríður Björnsdóttir

Formaður Skógræktarfélags Grímsnes

Aðalfundur skógræktarfélag Grímsnesinga

Haldin í Grænu Könnunni á Sólheimum 12. apríl 2022 kl. 20.00

Mætt: Sigríður Björnsdóttir formaður, Bragi á Ökrum gjaldkeri, Hildur á Stóru - Borg, Ágúst og Anna Margrét á Stærri – Bæ, Guðjón í Vaðnesi, Þorvaldur og Erna Upphæðum Sólheimum og Jóna Björg á Borg ritari sem ritaði fundargerð.

1. Sigríður býður fundarmenn velkomna og biður fundarmenn að tilnefna fundarstjóra. Þeir tilnefndu Jónu Björgu ritara sem fundarstjóra
2. Jóna Björg ritari las upp fundargerð síðasta aðalfundar. Fundargerðin samþykkt samhljóða
3. Bragi gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins frá síðasta ári og voru þeir samþykktir samhljóða.
4. Sigríður formaður fer yfir skýrslu síðasta árs þar sem farið er yfir það sem gert var á árinu. Skýrslan:
 - a. Starfsemi félagsins var nokkuð góð miðað við árið á undan, þar sem nokkrar lægðir komu í faraldurinn (covid) og gátum við nýtt okkur það.
 - b. Aðalfundur var haldin í maí þar sem gengið var frá kosningu ritara sem kjósa átti árinu á undan ásamt kosningu formanns.
 - c. Þar sem aðalfundur var haldin óvenjuseint þetta árið voru komnar plöntur til okkar sem við gátum deilt út á fundinum, sem var mjög gott því svolítið hefur borið á því að plöntur séu ekki sóttar og viljum við vekja athygli á þeirri hugmynd/ákvörðun stjórnar að séu plöntur ekki sóttar er vísast að þeim verði komið fyrir í Yndisskóginum. Betra væri þó að heyra í fólki með þá ákvörðun.
 - d. Útplöntunardagurinn var ákveðin 11. September og var sérlega ánægjulegt að sjá hvað margir mættu þann dag. Þar var með okkur hún Hlíf ráðgjafinn okkar sem ætlar að fylgja okkur með ráðleggingum um plöntuval miðað við þau jarðgæði sem við höfum. Skógræktarfélagið keypti 2040 plöntur frá Kjarri í Ölfusi og var þeim plantað í skjólbelti á norðurkanti Yndisgarðsins í tvöfaldri röð. Þar sem ekki náðist að klára að koma öllum plöntunum niður þennan dag var ákveðið að mæta nokkrum dögum síðar og klára, að gerðum við í rigningunni og gekk vel.
 - e. Það var svo 18. október sem nemendur Kerhólsskóla fóru með 700-800 birkiplöntur og komu þeim í jörð austast á Borgarhólnum.
 - f. Þá eru ótaldar allar þær plöntur sem stungnar voru upp í görðum félagsmanna og færðar á þetta nýja svæði okkar.
 - g. Tintronsmenn völdu sér svæði til að planta í og settu niður rótarskot flugeldasölunnar þar.
 - h. Enn vantar að klára ýmislegt eins og t.d. grillsvæðið og bílastæðið sem var á áætlun síðasta árs. Þá hefur frést af bekkjum sem sveitarfélagið ætlar að koma víðsvegar á Borgarsvæðinu og meðal annars í Yndisskóginum.

Skógræktarfélag Grímsnesinga

REKSTRARREIKNINGUR

fyrir árið 2022

TEKJUR:

Kr.

Vaxtatekjur.....	19.329
Félagsgjöld.....	87.728
Styrkur frá Grímsnes-og Grafningshreppi.....	330.821
Samtals:	<u>437.878</u>

GJÖLD:

Fjármagnstekjuskattur.....	4.253
Innheimtu- og þjónustugjöld.....	4.875
Plöntugjöf fyrir kvenfélag Grímsness og Lions.....	27.300
Kaffiveitingar fyrir aðalfund.....	5.988
Samtals:	<u>42.416</u>

Tekjur umfram gjöld: 395.462

Eign í banka: 1.535.645

Borg 12. apríl 2023

Staður og dagsetning

Snaritur Björnslóttir

formaður

Boazí Svavarsson

gjaldkeri

Jóna Björg Jónsdóttir

ritari

Reikningar hafa verið yfirfarnir og samþykktir af kjörnum endurskoðendum félagsins:

Þorvaldur Kjartansson

Þorvaldur Kjartansson

Erna Jónsdóttir

Erna Jónsdóttir